

Sp.

236. Nefndarálit

[1. mál]

um framlög til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur unnið að tillögugerð um framlög ríkissjóðs til flóabáta og vöruflutninga. Nefndin hefur haft samráð við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins. Hann hefur að venju aflað upplýsinga um rekstur einstakra flóabáta. Nefndin hefur orðið að gera nokkra hækkun á framlögum til flóabáta og vöruflutninga. Munar þar mest um framlög til 4 stærstu bátanna. Tillögur nefndarinnar eru við það miðaðar að tryggja, að haldið verði uppi nauðsynlegum samgöngum milli héraða í landinu og til einstakra byggðarlaga, þar sem örðugleikar eru á samgöngum.

Norðurlandssamgöngur.

Norðurlandsbáturinn Drangur heldur aðallega uppi vetrarferðum um farsvæði sitt. Síðan kaupstaðirnir Ólafsfjörður og Siglufjörður fengu akvegasamband, þurfa þeir aðeins á ferðum bátsins að halda að vetrarlagi. Einnig heldur þessi bátur uppi ferðum til Grimseyjar. Nefndin leggur til, að framlög til þessa báts hækki um 600 þús. kr.

Lagt er til, að styrkur til flugferða til Grímseyjar verði jafnhár og s. l. ár, 250 þús. kr. Nefndin leggur til, að veittar verði 170 þús. kr. til Strandabáts. Þessi bátur annast farþega- og pósthlutninga milli Hólmavíkur, Djúpuvíkur og Gjögurs í Árneshreppi.

Lagt er til, að Hriseyjarbátur fái 175 þús. kr. og Flateyjarbátur á Skjálfanda 50 þús. kr. Enn fremur leggur nefndin til, að veittur verði styrkur til snjóþveifreiðar í Dalvíkurlæknishéraði, 100 þús. kr., og til snjóþveifreiðar, sem annast ferðir frá Akureyri, þegar þörf gerist, 100 þús. kr. Einnig til snjóþveifreiðar í Þórshafnarlæknishéraði 100 þús. kr.

Austfjarðasamgöngur.

Lagt er til, að framlag til Mjóafjarðarbáts hækki um 50 þús. kr. Mikið gagn hefur orðið af rekstri snjóþveifreiðar á Austfjörðum vegna læknisþjónustu og til reglubundinna ferða yfir snjóþvinga fjallvegi. Lagt er til, að styrkur til snjóþveifreiðar verði 500 þús. kr. á Fjarðarheiði, og er það 180 þús. kr. hækkun, til snjóþveifreiðar á Oddsskarði 300 þús. kr. og til snjóþveifreiðar á Fagradal 140 þús. kr. Stuðningur við vetrarferðir milli Stöðvarfjarðar og Egilsstaðaflugvallar er aukinn um 50 þús. kr. Framlög til snjóþveifreiðar í Vopnafjarðarlæknishéraði, snjóþveifreiðar læknishéraðanna á Fljótsdalshéraði og til snjóþveifreiðar, er heldur uppi ferðum milli Borgarfjarðar og Egilsstaða, eiga samkvæmt till. n. að haldast óbreytt frá því, sem er á þessu ári. Sama gildir um framlög vegna vöruflutninga til Örfæa.

Suðurlandssamgöngur.

Vöruflutningar til hinna hafnlausu byggðarlaga í Skaftafellssýslu eru mjög kostnaðarsamir og hafa verið 140 kr. pr. 100 kg. Leggur n. því til, að framlög til vöruflutninga á Suðurlandi verði 1300 þús. kr., og er það 300 þús. kr. hækkun. Styrkur til vatnadreka við Skeiðará er hækkaður um 25 þús. kr. Þá er lagt til, að framlög til Vestmannaeyjabáts vegna mjólkurflutninga verði 700 þús. kr.

Faxaflóasamgöngur.

Rekstur Akraborgar, sem heldur uppi ferðum milli Akraness og Reykjavíkur, hefur reynzt fjárhagslega örðugur. Horfur eru á, að svo verði einnig á næsta ári. N. leggur til, að framlagið hækki um 900 þús. kr. Lagt er til, að styrkur til Mýrabáts verði 25 þús. kr.

Breiðafjarðarsamgöngur.

Flóabáturinn Baldur h/f í Stykkishólmi á í fjárhagserfiðleikum, m. a. vegna skulda, sem á skipinu hvíla. Verkefni Baldurs verða aukin, því að fyrirhugað er, að hann haldi uppi að mestu eða öllu leyti þeim ferðum, sem Flateyjarbátur á Breiðafirði hefur áður annast, og er framlag til hans nú fellt niður, en á þessu ári nemur það 475 þús. kr. N. telur óhjákvæmilegt að hækka framlag til Baldurs, þannig að rekstrarstyrkur nemi 5 millj. kr. og byggingarstyrkur 2 millj. kr. Er það samtals 2.3 millj. kr. hækkun. Báturinn hefði þörf fyrir meiri hækkun, og ber nauðsyn til að sjá honum fyrir meiri verkefnum. Framlag til Langeyjarbáts er lagt til að sé óbreytt. Enn fremur er lagt til, að 75 þús. kr. séu veittar til vetrarflutninga í Breiðuvíkurhreppi og 50 þús. kr. til vetrarflutninga í Haukadalshreppi.

Vestfjarðasamgöngur.

Djúpbáturinn h/f á Ísafirði heldur uppi ferðum um Ísafjarðardjúp og til kaupúnanna í V.-Ísafjarðarsýslu. Skipið Fagnanes annast þær ferðir. N. telur rétt að hækka framlag til bátsins um 500 þús. kr. Framlag til Patreksfjarðarbáts, 35 þús. kr., er óbreytt, og sama er að segja um framlag til vetrarflutninga yfir Kleifaheiði, en

það nemur 150 þús. kr. Lagt er til, að veittar verði 200 þús. kr. til reglubundinna ferða yfir fjallveginn Hálfán vegna mjólkurflutninga. Enn fremur er lagt til, að framlag Dýrafjarðarbáts haldist óbreytt 75 þús. kr. og að veittar verði til snjóbifreiðar í A.-Barðastrandarsýslu 100 þús. kr. og til snjóbifreiðar á Botnsheiði 300 þús. kr.

Samkvæmt þessu leggur samvinnunefnd samgöngumála til, að heildarfjárveiting til flóabáta og vöruflutninga verði á árinu 1972 24 millj. 650 þús. kr., og skiptist sú upphæð þannig.

1. Norðurlandsbátur	3 000 þús. kr.
2. Til Strandaferða	170 — —
3. Hríseyjarbátur	175 — —
4. Grímsey, vegna flugferða	250 — —
5. Flateyjarbátur á Skjálfanda	50 — —
6. Til snjóbifreiðar í Dalvíkurlæknishéraði	100 — —
7. Mjóafjarðarbátur	350 — —
8. Til snjóbifreiðar í Vopnafirði	100 — —
9. Til snjóbifreiðar á Fjarðarheiði	500 — —
10. Til snjóbifreiðar á Fagradal	140 — —
11. Til snjóbifreiðar á Oddsskarði	300 — —
12. Til snjóbifreiðar læknishéraðanna á Fljótsdalshéraði	100 — —
13. Til snjóbifreiðar milli Borgarfjarðar og Egilsstaða	100 — —
14. Til bifreiðar Stöðvarfjörður—Egilsstaðaflugvöllur	100 — —
15. Til vöruflutninga á Suðurlandi	1 300 — —
16. Til vöruflutninga til Öræfa	80 — —
17. Til vatnadreka á Skeiðará	75 — —
18. Til Vestmannaeyjabáts, vegna mjólkurflutninga	700 — —
19. H/f Skallagrímur — Akraborg	5 200 — —
20. Mýrabátur	25 — —
21. Til vetrarflutninga í Breiðvíkurhreppi	75 — —
22. Stykkishólmsbáturinn Baldur	5 000 — —
Sami — byggingarstyrkur	2 000 — —
23. Langeyjarnesbátur	150 — —
24. Til snjóbifreiðar í A.-Barðastrandarsýslu	100 — —
25. Til vetrarflutninga yfir Kleifaheiði	150 — —
26. Patreksfjarðarbátur	35 — —
27. Til vetrarflutninga yfir Hálfán	200 — —
28. Dýrafjarðarbátur	75 — —
29. Til snjóbifreiðar yfir Botnsheiði	300 — —
30. Djúpbátur h/f — Fagranes	3 500 — —
31. Til snjóbifreiðar í Þórshafnarhéraði	100 — —
32. Til vetrarflutninga í Haukadal	50 — —
33. Snjóbifreið á Akureyri	100 — —

Alþingi, 17. des. 1971.

Björn Pálsson, form. Nd.-nefndar, frsm.	Björn Jónsson, form. Ed.-nefndar.	Garðar Sigurðsson, fundaskr. Nd.-nefndar.
Páll Þorsteinsson, fundaskr. Ed.-nefndar.	Stefán Valgeirsson.	Sverrir Hermannsson.
Pétur Pétursson.	Friðjón Þórðarson.	Helgi Seljan.
Jón Árm. Héðinsson.	Ásgeir Bjarnason.	Karvel Pálmason.
Jón Árnason.	Steinþór Gestsson.	